

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um matarsóun.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hefur verið kannað hve miklum mat er hent hérlendis á ári hverju?
2. Hafa verið kannaðir möguleikar á að draga úr matarsóun með markvissum aðgerðum, t.d. með því að fjarlægja „best fyrir“ merkingar á völdum vörum eða skylda matvöruverslanir til að gefa til góðgerðamála mat sem ella yrði hent?

